

Styrkir til atvinnumála kvenna auglýstir

Nú hafa styrkir til atvinnumála kvenna verið auglýstir lausir til umsóknar en 30 milljónir eru til ráðstöfunar að þessu sinni. Sérstakur markhópur eru atvinnulausar konur sem eru eða hafa hug á því að þróa eigin viðskiptahugmynd. Kynningarfundir verða haldnir fyrir þennan hóp í janúar í fjarfundabúnaði á 11 stöðum á landinu.

21.janúar kl. 14.000-16.00 verða haldnir fundir sem hér segir:

Farskólinn, miðstöð símenntunar, Faxatorgi 1, Sauðárkróki
Þekkingarsetur Þingeyinga, Hafnarstétt 3, Húsavík
Þekkingarnet Austurlands, Tjarnarbraut 39, Egilsstöðum
Fræðslunet Suðurlands, Tryggvagötu 26, Selfossi
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Krossmóa 4, Reykjanesbæ
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Skeifunni 8, Reykjavík
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi, Bjarnarbraut 8, Borgarnesi

Á fundinum verða styrkir til atvinnumála kvenna og þróun eigin viðskiptahugmyndar kynntir, örnámskeið í gerð umsókna og kynning á þjónustu atvinnuþróunarfélaga og Impru.

Ennfremur verða haldnir fjarfundir á Akureyri, Ísafirði, Höfn í Hornafirði, Akranesi, Patreksfirði og Hólmavík en tímasetning þeirra verður auglýst seinna.

Almennar reglur varðandi styrki eru þær að fyrirtæki/verkefni að vera í eigu konu eða kvenna, krafa er um að nýnæmi eða nýsköpun sé í hugmyndinni og að hún skapi störf.

Hægt er að sækja um styrki til gerðar viðskiptaáætlunar (300.000), markaðssetningar, vörubrúunar og vegna efnis- og hönnunarkostnaðs svo eitthvað sé nefnt. Ennfremur er hægt að sækja um launastyrk en forsenda þess er að fullgerðri viðskiptaáætlun sé skilað með umsókninni.

Allar nánari upplýsingar um styrkina – reglur, leiðbeiningar og umsóknareyðublað - má finna á heimasíðunni www.atvinnumalkvenna.is

Örnámskeið um gerð umsókna

Nú er hægt að finna örnámskeið um gerð umsókna á heimasíðunni okkar www.atvinnumalkvenna.is

Um er að ræða glærusýningu þar sem farið er yfir alla þætti umsóknarinnar skref fyrir skref.

Það hefur sýnt sig að vönduð umsókn skilar betri árangri og nær frekar augum ráðgjafanefndar en umsókn sem er illa útfyllt, vönduð vinna skilar árangri!

Styrkir 2008

Nú hafa styrkþegar ársins 2008 skilað inn skýrslum vegna verkefna sinna og er óhætt að segja að vel hafi gengið hjá flestöllum þeim er styrk fengu. Þannig skiluðu 50 styrkþegar af 56 skýrslum og því er óhætt að segja að fjármagnið í styrkina hafi nýst vel. Mörg frábær verkefni hafa litið dagsins ljós og verður spennandi að fylgjast með þeim í framtíðinni.

Mikilvægt er fyrir styrkþega að skila inn vönduðum skýrslum sem sýna hvernig verkefnið gekk og framvindu þess. Fyrirhugað er að setja inn á heimasíðuna greinargóðar leiðbeiningar um skýrslugerð fyrir þá umsækjendur sem þurfa að skila skýrslum í vor.

Þarfagreining

Síðastliðið sumar var ákveðið að gera könnun og þarfagreiningu meðal þeirra kvenna sem fengu styrk frá Atvinnumálum kvenna á árunum 2006-2009. Tilgangurinn var tvíþættur, annars vegar að kanna það hvernig styrkur til þeirra hafði nýst og hinsvegar til að kanna þörf á fræðslu og ráðgjöf í því skyni að þróa enn fremur þjónustu Atvinnumála kvenna.

Könnunin var gerð dagana 19.ágúst til 6.september og var hún gerð með rafrænum hætti og send út með tölvupósti.

Hún var send á þær konur sem fengu styrki frá Atvinnumálum kvenna 2006-2009 og var heildarfjöldi (n) 191. Svör bárust frá 98 konum og var því svarhlutfallið 51%.

Hér að neðan gefur að líta helstu niðurstöður þarfagreiningarinnar.

Nýting á styrk

Pegar aldursdreifing svara er skoðuð kemur í ljós að tæplega 70% þeirra sem svara er á aldrinum 31-50 ára og helmingur svarenda voru styrkhafar árið 2008. Tæplega helmingur svarenda er frá höfuðborgarsvæðinu en 17% frá Norðurlandi eystra en lægra hlutfall frá öðrum svæðum á landinu. Þegar spurt var um hvernig styrkur hafði nýst svöruðu 88% að hann hefði nýst mjög vel eða vel og sama hlutfall svarenda sögðust ætla að vinna áfram í viðskiptahugmynd/fyrirtæki sínum.

Fræðsla

Svarendur voru mjög áhugasamar um að fá fræðslu sem tengist viðskiptahugmynd þeirra eða rekstri en 77% svarenda vildu fá aukna fræðslu. Þar ber hæst þörf á fræðslu um fjármál (64%) og markaðsmál (59%) en fast á eftir fylgja gerð viðskiptaáætlana, samningatækni, vöruþróun og bókhald en þriðjungur kvennanna nefndu þessa þætti. Það má því álykta að mikil þörf sé á hagnýtri fræðslu í þessum efnisþáttum.

62% kvenna töldu að staðbundin námskeið henti þeim best en fast á eftir fylgja netnámskeið en 49% kvenna nefna þau. Stuttar kynningar virtust líka höfða til hópsins sem kemur einnig fram í næstu spurningu þar sem spurt var um lengd námskeiða en 78% vildu stutt og hnitmiðuð námskeið og 47% örnámskeið.

Athygli vekur hve mikil þörf er á fræðslu af ýmsu tagi og þá sérstaklega fræðslu um fjármál. Ennfremur má álykta sem svo að persónuleg nálgun höfði fremur til kvennanna og að þær vilji nýta tíma sinn vel þar sem þær vilja síst löng námskeið eða langt nám.

Ráðgjöf

Þegar spurt var um ráðgjöf þá sögðust 81% kvenna hafa fengið ráðgjöf af einhverju tagi. Flestar höfðu fengið ráðgjöf hjá Impru eða 67% (helmingur svarenda er á höfuðborgarsvæðinu) en um fjórðungur hjá ráðgjöfum atvinnuþróunarfélaga eða annara.

79% vildu nýta sér áframhaldandi ráðgjöf af ýmsu tagi og það sem var helst nefnt er persónuleg handleiðsla eða markþjálfun en 63% svarenda nefndu þann kost. Þar á eftir kom Impru og AMK með um helming svarenda. Ennfremur er mikil þörf á almennri rekstrar og viðskiptaráðgjöf en 42% nefna þann kost.

Athygli vekur að fjórðungur kvennanna sögðust hafa nýtt sér annarskonar ráðgjöf og nefndu í því sambandi vini, ættingja, maka eða aðra í svipaðri stöðu/svipuðum rekstri.

Hér má álykta sem svo að þrátt fyrir að meirihluti kvenna hafi fengið ráðgjöf þá er þörf fyrir enn frekari ráðgjöf. Ennfremur er athyglisvert hve margar konur nefna markþjálfun/handleiðslu sem gefur til kynna að persónuleg nálgun sé það sem henti þessum hóp best.

Hvað varðar opnar spurningar þá var spurt að því hvað styrkveitingin þýddi fyrir viðkomandi. Í langflestum tilfellum var viðurkenning og hvatning nefnd og síðan að án styrks hefði verkefni ekki farið af stað. Einnig nefndu margar konur að með styrknum hefði verið hægt að kaupa ýmsa þjónustu sérfræðinga.

Þær sem að töldu styrkinn ekki hafa nýst vel nefndu það helst að upphæðin var of lág og það vantaði fjármagn á móti en oft var einnig um persónulega hluti að ræða s.s. veikindi og aðrar utanaðkomandi aðstæður. Ennfremur var gerð þarfagreining meðal kvenna sem sóttu um styrk en fengu ekki og voru þær niðurstöður mjög svipaðar þessum niðurstöðum.

Hvað svo ?

Eftir að könnun var gerð var ákveðið að leita samstarfs við Impru um gerð stuttra námskeiða og er sú vinna nokkuð vel á veg komin. Um örnámskeið verður að ræða og munum við setja nánari upplýsingar um þau inn á heimasíðuna okkar þegar þar að kemur.

Ennfremur verða settar upplýsingar um markþjálfun og ráðgjöf sem í boði er inn á heimasíðuna okkar.

Byggðastofnun auglýsir styrki vegna markaðssetningar á handverki erlendis

Byggðastofnun í samstarfi við Handverk og hönnun, Listaháskóla Íslands, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Ímark og Útflutningsráð hefur nú auglýst lausa til umsóknar styrki um stuðning við markaðssetningu erlendis á íslensku handverki og hönnun. Heildarráðstöfunarfé er 10 milljónir króna og er hámarksstyrkur 2 milljónir en þó aldrei hærra en 50% af heildarkostnaði.

Markmið styrkjanna er að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða erlendis á handverki og hönnunarvörum. Styrkjunum er ætlað að skapa auka verðmæti og ný markaðstækifæri og eru liður í framkvæmd á aðgerð í Byggðaáætlun um stuðning við atvinnurekstur kvenna.

Þátttökurétt hafa konur og fyrirtæki í eigu kvenna (amk 50%) með lögheimili á starfssvæði Byggðastofnunar (ekki í eftirtöldum sveitarfélögum: Hafnarfjarðarkaupstað, Garðabæ, Sveitarfélaginu Álftanesi, Kópavogskaupstað, Seltjarnarneskaupstað, Reykjavíkurborg og Mosfellsbæ).

Skilyrði fyrir þátttöku er að verk/vara verður að vera tilbúin til markaðssetningar erlendis og að framleiðsla verksins/vörunnar fari að hluta til eða að öllu leyti fram á Íslandi.

Við mat á umsóknum verður horft til eftirfarandi þátta: Að verk/vara sé vönduð og samkeppnishæf. Markaðsáætlun sé hniðmiðuð, raunhæf og vel skilgreind. Kostnaðar- og verkáætlun sé trúverðug og vel skilgreind og að möguleg framþróun sé fólgin í verkefninu eða vörunni.

Rýnihópur metur umsóknir og velur verk 10 umsækjenda. Verkin sem rýnihópurinn velur verða til sýnis dagana 18-21.mars 2010. Dómnefnd velur amk. 5 verkanna og fá eigendur þeirra faglegan og fjárhagslegan stuðning við að koma verkinu á markað erlendis. Val dómnefndar verður tilkynnt 21.mars á lokadegi Hönnunarmars 2010.

Umsóknum skal skilað rafrænt fyrir kl. 17.00 mánudaginn 1.febrúar 2010, en umsóknareyðublað og leiðbeiningar eru á heimasíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Elín Þórðardóttir í síma 455-5400 eða í netfangi sigridur@byggdastofnun.is

Mikilvægt er að senda inn vandaða umsókn og er umsækjendum bent á að hægt er að fá ráðgjöf varðandi umsóknir hjá Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélögum og Impru.

Atvinnumál kvenna á Facebook

Eins og meirihluti landsmanna þá er Atvinnumál kvenna á Facebook en samskiptasíðan er ágæt viðbót við heimasíðuna sem til staðar er. Þar er hægt að koma á framfæri tilkynningum og upplýsingum ásamt því að konur geta haft samband hvor við aðra og myndað tengsl með samstarf og samvinnu í huga. Gerist aðdáendur !!

Heimasíðan

Á heimasíðunni má finna ýmsar upplýsingar sem að notum geta komið. Ennfremur eru þar skemmtilegir pistlar á síðunni frá samstarfsaðilum okkar sem eru Þekkingarmiðlun, Jóna Björg Sætran og Sirrý.

Við bendum einnig á að þið getið komið á framfæri auglýsingum, viðburðum, pistlum eða fréttum af fyrirtækjum ykkar og verkefnum með því að senda póst á atvinnumalkvenna@atvinnumalkvenna.is

Brautargengi

Hjá Impru er nú verið að undirbúa ný Brautargengisnámskeið á landsbyggðinni í febrúar en fyrirhugað er að halda námskeið á Akureyri og á Egilsstöðum.

Ennfremur hefst námskeið í Reykjavík í byrjun mars.

Á Brautargengisnámskeiðum læra konur að vinna viðskiptaáætlun frá grunni og hafa fjölmörg námskeið verið haldin um land allt síðastliðin 10 ár með frábærum árangri.

Allar nánari upplýsingar um námskeið á landsbyggðinni veitir Selma Dögg Sigurjónsdóttir í síma 460 7975 en einnig er hægt að senda henni póst á netfangið selma@nmi.is.

Upplýsingar um námskeið í Reykjavík veitir Tinna Jóhannsdóttir í síma 522-9267 en hægt er að senda henni póst á netfangið tinna@nmi.is

Ennfremur má finna nánari upplýsingar um námskeiðin á www.nmi.is og senda þar inn rafræna umsókn.